Dskj. nr. LXIV - XCII

III

# I. KAFLI ÁKÆRU

Sdb. 1136, bls. 356 - 366, 367 - 382
– – – 404 - 407
– – – 407 - 417
– – – 492

# I. KAFLI ÁKÆRU

| | | | |
|---|---|---|---|
| Sdb. | 1136, | bls. | 356 - 366, 367 - 382 |
| – | – | – | 404 - 407 |
| – | – | – | 407 - 417 |
| – | – | – | 492 |

Mál nr. 438 1974

1

A Nr. LXIV Lagt fram í sakadómi Reykjavíkur 1/4 '77

GBo.

# Rannsóknarlögreglan í Reykjavík

# Skýrsla

Föstudaginn 18. 3. 1977.

Tekin af:
Gísla Guðmundssyni lögreglum.

Efni: Rannsókn á hvarfi Guðmundar Einarssonar, Hraunprýði Blesugróf.

Grunaðir:

Settir í varðhald:

Í dag hafði undirritaður samband við Kristján Péturs-son deildarstjóra hjá tollinum á Keflavíkurflugvelli og innti hann eftir því hvað Sævar M.Ciesielski hefði verið að gera þegar hann var handtekinn á Hamarsbraut 11, þ.4. febr. 1974.

Ekki kvaðst Kristján minnast þess sérstaklega, hvernig á stóð hjá honum en sig minnti að músik hefði verið þar inni.

Sérstaklega aðspurður sagðist Kristján ekki muna eftir því að Sævar hefði verið í símanum og ekki sagðist Kristján sjálfur muna eftir því, að hafa hringt úr síma þaðan , eða reynt að gera það. Hann gat því ekkert borið um það, hvort síminn í íbúð þeirra Erlu Bolla-dóttur og Sævars M. Ciesielski, var í lagi eða sam-bandi í umrætt skifti.

Kristján sagðist ekki muna eftir neinu atriði sem máli skifti í sambandi við handtöku Sævars er komið gæti að gagni við rannsókn á hvarfi Guðmundar Einars-sonar.

bók II Sjá bls. 60-61, - 75-76, - 110

Gísli Guðmundsson
lögreglum.

Gísli Guðmundsson

7701 1500 Gutenberg

Þ.23.3.1977, kl.18 25 mætir í málinu sem vitni, Benedikt Garðar Eyþórsson, tilh. að, Álfhólsvegi 76 Kópavogi vinnur hjá fyrirtækinu Stálveri, v. Hlaðbrekku í Kópavogi, s.43533. f. 18.4.1956 í Rvík. nafnnr. o985-6218. Mætta er gerð grein fyrir tilefni yfirheyrslunnar, sem kemur fram í framburði, Sigurðar Stefáns Almarssonar á bls. 89-9o þar sem hann greinir frá því að mætti hafi verið með sér um helgina sem Guðmundur Einarsson hvarf. Mætti er inntur eftir því, hvort hann hafi eitthvað um málið að segja. Mætta er gerð grein fyrir vitnaskyldunni.

Mætti segir að vel geti verið að hann og Sigurður Stefán hafi verið að skemmta sér um helgina, 26-27 jan. 1974, en hann segist ekki sérstaklega muna eftir því. Mætti segist hafa verið í Ármúlaskóla með Guðmundi Einarssyni og raunar í sama bekk og hann í tvo vetur og því kannast vel við hann.

Mætti segir að Guðmundur hafi verið góður skólafélagi og telur að honum hafi gengið vel að skyla sínum verkefnum og prófum í skólanum. Mætti segir að Guðmundur hafi verið vel að manni, en hann sggist ekki muna eftir því, að hann hafi lent í átökum eða illindum við nokkurn skólafélaganna. Ekki segist mætti hafa skemmt sér með Guðmundi og ekki vita hvernig hann hagaði sér, ef hann var undir áhrifum áfengis.

Mætti man eftir því að hafa rætt um hvarfið á Guðmundi Einarssyni við félaga sína, en minnist þess ekki sérstaklega að hann og Sigurður Stefán hafi rætt það mál. Hann segist alls ekki útiloka það. Mætti minnist þess að eitthvað hafi það komið til orða að Guðmundur hefði líklega orðið úti á leiðinni frá Hafnarfirði, en sér hafi fundist sú skýring heldur ótrúleg vegna þess að Guðmundur var vel á sig kominn líkamlega.

Skýrslutöku lokið kl.18,45.

Upplesið staðfest.
Benedikt G. Eyþórsson
Benedikt Garðar Eyþórsson.

Gísli Guðmundsson
Gísli Guðmundsson
lögreglum.

Þ.28.marz 1977.

Einar Baldursson, faðir Guðmundar Einarssonar hefur skýrt frá því fyrir rétti í málinu, að hann hafi aldrei vitað um það, hvað Guðmundur var með mikla peninga á sér þegar hann fór að heiman frá sér, laugardagskvöldið 26.jan. 1974.

Einar sagði að það hefði hins vegar komið fram síðar að sonur sinn hefði verið með tékka frá fyrirtækinu Pétri Snæland sem voru laun hans næstu viku á undan. Einar sagðist ekki vita til þess að sá tékki hefði komið fram.

Halldór Snæland hjá fyrirtækinu Pétri Snæland h.f. hefur upplýst það, að fjárhæð tékkans hafi verið kr. 3.372,oo, útgefinn á hlaupareikning nr. 3814 blaðnr. 6895 við Melaútibú Búnaðarbanka Íslands. Halldór sagðist ekki geta sagt um það með fullri vissu hvort þessi tékki hefði komið fram og verður það kannað hjá viðkomandi bankaútibúi.

Sama dag barst ljósrit af umræddum tékka. Hann er útgefinn þ.23.jan. 1974 og undirskrifaður af, Ágústu P.Snæland. Framseljandi er, Guðmundur Einarsson sími 33641 og greiðslustimpli Búnaðarbankans, Vesturbæjarútibú þ.23.jan.

Undirritaður hafði í dag tal af foreldrum Guðmundar á heimili þeirra og sýndi þeim ljósrit tékkans. Þau töldu sig þekkja skrift Guðmundar á bakhlið tékkans og við samanburð á skrift hans, sem til var þar á gömlum pappírum, þá fer varla milli á mála, að hann á skriftina aftaná tékkanum.

Einar sagðist ekki muna fyrir víst, hvernig þetta var, en sagði að sig minnti að síðasti tékkinn sem Guðmundur fékk hjá Pétri Snæland, hefði ekki komið fram. Hann hafði skrifað hjá sér fjárhæð þess tékka, kr. 10.512,-. Sagðist Guðmundur ekki muna betur, en fyrirtækið hefði greitt þá fjárhæð aftur vegna þess að tékkinn hefði ekki komið fram.

Gísli Guðmundsson
lögreglum.

Þ.29.marz 1977.
Í dag hafði undirritaður aftur samband við, Halldór Snæland og innti hann eftir því, hvort verið gæti að Guðmundur Einarsson hefði verið með aðra ávísun í fórum sínum, sem ekki hefði komið fram. Eftir að hafa kannað þetta rækilega í bókhaldi fyrirtækisins þá sagði hann að það gæti ekki verið .

Halldór sagði að tékki sá sem faðir Guðmundar væri að tala um og var að fjárhæð kr. lo.512,- hefði verið greiðslan fyrir vinnu Guðmundar síðustu vikuna sem hann vann þar. Sagði Halldór að þessi tékki hefði verið greiddur þ. 18.lo. 1974, en þar væri aðeins um eina greiðslu að ræða. Eftir þessa könnun undirritaðs virðist ljóst, að Guðmundur Einarsson, hafi ekki verið með tékka frá fyrirtæki Péturs Snæland h.f., í fórum sínum.

Gísli Guðmundsson
Gísli Guðmundsson
lögreglum.

Þriðjudaginn 29.3.1977 kl.22 oo, mætir sem vitni í málinu Gunnar Þór Árnason tilh. að Fögrubrekku 21 Kópavogi, sími 4o489, sjómaður f. 17.4.1955 í Rvík. nafnnr. 3336-9336. Mætta er gerð grein fyrir tilefni yfirheyrslunnar. Honum er bent á vitnaskylduna.

Mætti kveðst nú ekki muna vel eftir atburðarrásinni þetta umrædda kvöld, 26. jan.1974 en hann segist hafa verið heima hjá Sigurbirni Haraldssyni að Tjarnarflöt lo, ásamt fleira fólki og þar á meðal Guðmundi Einarssyni. Ekki kveðst mætti hafa þekkt Guðmund mikið, kynnst honum lítilsháttar í gegnum kunningja sína.

Mætti segir að setið hafi verið heima hjá Sigurbirni og eitthvað drukkið áfengi, en telur að það hafi ekki verið mikið. Mætti segir að þau hafi síðan farið saman í Alþýðuhúsið í Hafnarfirði og telur að þau hafi komið þangað, þegar liða tók á kvöldið og áður en húsinu var lokað. Nánar treystir hann sér ekki til að tilgreina tímann.

Mætti man ekki eftir neinu sérstöku atviki sem varð honum

minniststætt á þessu balli og segir að það hafi gengið mjög eðlilega fyrir sig. Mætti minnist þess að Guðmundi hafi brugðið fyrir þar inni, öðru hvoru að minnsta kosti fyrri hluta ballsins, en heyrðist á öðrum að hann hefði farið áður en ballið endaði. Mætti man ekki annað en Guðmundur hafi verið eðlilegur í útliti, en eitthvað verið undir áhrifum áfengis.

Mætti man ekki betur en hann hafi verið í Alþýðuhúsinu þar til ballinu lauk og man hann eftir því, að svipast hafi verið eftir Guðmundi þar fyrir utan, en þegar hann sást ekki, þá þótti líklegt að hann væri farinn heim til sín. Mætta minnir að annar piltur ~~xxxx~~ sem kallaður sé Gilli, hafi einnig verið farinn af ballinu á undan, en segist ekki vita hvort hann hafi farið með Guðmundi.

Mætta minnir að hann hafi farið heim til sín fljótlega eftir að ballið var búið og kveðst hann ekki muna eftir neinu sem gæti komið að gagni við rannsókn málsins.

Skýrslutöku lokið kl.22,35.

Upplesið staðfest,
Gunnar Þór Árnason
Gunnar Þór Árnason.

Gísli Guðmundsson
Gísli Guðmundsson
lögreglum.

Þ.3o.marz 1977 ~~kl.14 oo mætir í málinu~~ Hulda Kristín Gissurardóttir tilh. að, Akraseli 7, sími 73379, býr nú um stundarsakir að Látrarströnd 16 sími 24937, ráðskona f. 7.2.1958 í Rvík. nafnnr. 442o-1348. Mætta var sambýliskona Tryggva Rúnars Leifssonar um það leyti sem atburðurinn á Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði á að hafa skeð. Henni er bent á 89 gr. laga um meðferð opinberra mála að henni sé ekki skylt að bera vitni í málinu vegna tengsla hennar og T ryggva Rúnars á fyrrgreindum tíma. Mætta kveðst vera fús til að segja frá því sem hún viti og gæti að einhverju leyti komið að gagni við rannsókn málsins.

Mætta segist hafa rætt þetta mál við Sigurbjörn Víðir Eggertsson lögreglumann og telja sig hafa sagt honum allt það sem hún veit og gat munað í því sambandi. Hún segist ekki muna sérstaklega eftir þeirri helgi sem atburðurinn á að hafa skeð og geti því ekki borið um dvalarstað Tryggva Rúnars þá.

Mætta segir að þau fari að búa saman á heimili foreldra Tryggva að Selásbletti 14 sumarið 1973 og þar séu þau til febrúar loka 1974, en þá flytji þau að Gyðufelli 14. Þar búi þau saman í einn mánuð og flytji þá að Kríuhólum 2. Þar segir mætta að þau búi saman fram í endaðan sept. 1974 en þá hafi þau slitið sínum samvistum. Mætta kveðst eignast son með Tryggva í des. 1973.

Mætta segir að sambúð þeirra Tryggva Rúnars hafi verið fremur góð en slitnað upp úr henni vegna óreglu Tryggva. Mætta kannast við þá, Kristján Viðar Viðarsson Sævar Marinó Ciesielski og Albert Klahn Skaftason og segist hún hafa fyrst kynnst Tryggva heima hjá Kristjáni Viðari. Hún segir það hafa verið um verzlunarmannahelgina 1972.

Mætta segir að þau hafi oft verið heima hjá Kristjáni Viðari að Grettisgötu 82 og segir að heimsóknir til hans hafi staðið yfir alloft allt þar til hún varð ófrísk eftir Tryggva. Hún segist ekki hafa farið í heimsókn til Kristjáns eftir það. Mætta telur að vel geti verið að Tryggvi Rúnar hafi slæðst inn til Kristjáns annað slagið. Hann hafi stundum farið á fyllirí og hún þá ekki fylgst með ferðum hans.

Mætta segir að, Kristján Viðar hafi komið í heimsókn til þeirra

að Selásbletti 14 einu sinni eða tvisvar eftir því sem hún man best. Mætta kveðst ekki hafa orðið vör við að, Sævar eða Albert kæmu nokkru sinni í heimsókn til þeirra. Mætta segist ekki hafa þekkt, Erlu Bolladóttur.

Mætta kveðst ekki hafa komið að Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði og viti ekki til þess, að Tryggvi Rúnar hafi farið þangað í heim sókn. Hann geti hafa farið þangað þótt hún viti ekki um það.

Mætta segist ekki hafa heyrt Tryggva minnast nokkru sinni á þann atburð, sem á að hafa gerst að Hamarsbraut 11, aðfaranótt 27. jan.1974. Mætta segist heldur ekki hafa heyrt Tryggva minnast á, Guðmund Einarsson og sjálf segist hún ekki hafa þekkt hann.

Mætta man ekki eftir því að hafa séð byssusting heima hjá Kristjáni Viðar, þegar hún var þar í heim sóknum.

Skýrslugerð lokið kl.14,5o.

Upplesið staðfest
Hulda Gissurard.
Hulda Kristín Gissurardóttir.

Gísli Guðmundsson
Gísli Guðmundsson
lögreglum.

Þ.3o.marz 1977.

Kannað hefur verið hverjir komu í heimsókn til Tryggva Rúnars Leifssonar, þegar hann var í gæzluvarðhaldinu á Litla Hrauni á tímabilinu, 16.7.1976 og til 14. jan. 1977. Ekki var þarna um samfeldan dvalartíma Tryggva að ræða því yfirheyrslur í málinu fóru fram öðru hvoru og var hann þá fluttur á milli. Eftirtalið fólk kom í heimsókn til Tryggva Rúnars samkv. uppl. frá vinnuhælinu:

| | | |
|---|---|---|
| Guðfinnur Ómar Leifsson | 8 | heimsóknir. |
| Hilmar Þór Leifsson | 6 | " |
| Stella Tryggvadóttir, | 2 | " |
| Kristín Reynisdóttir, | 2 | " |
| Leifur Guðlaugsson, | 1 | " |

Gísli Guðmundsson
Gísli Guðmundsson
lögreglum.

A Nr. LXV Lagt fram í sakadómi Reykjavíkur 1/4'77

9/Br.

8

RANNSÓKNARLÖGREGLAN Í REYKJAVÍK

TÆKNIDEILD

LJÓSMYNDIR, teknar 25. október 1976 af Kristjáni Viðari Viðarssyni, f. 21. apríl 1955 nafnnúmer 5890-2217, 190 cm að hæð, 77 kg að þyngd.

REYKJAVÍK 30. marz 1977.

[signature]


REYKJAVIK
1549
190 2510 1976



A Nr. LXVII Lagt fram í sakadómi Reykjavíkur 1/4 '77

10

# RANNSÓKNARLÖGREGLAN Í REYKJAVÍK

## TÆKNIDEILD

LJÓSMYNDIR, teknar 27. október 1976 af Sævari Marinó Ciesielski, f. 6. júlí 1955 nafnnúmer 8834-8869, 165 cm að hæð, 50 kg að þyngd.

REYKJAVÍK 30. marz 1977.

11






A Nr. LXVII Lagt fram í sakadómi Reykjavíkur 1/4 '77

12

RANNSÓKNARLÖGREGLAN Í REYKJAVÍK

TÆKNIDEILD

LJÓSMYNDIR, teknar 21. marz 1977 af Tryggva Rúnari Leifssyni, f. 2. október 1951 nafnnúmer 8949-1630, 173 cm að hæð, 72 kg að þyngd.

REYKJAVÍK 30. marz 1977.


REYKJAVIK
1403
173 2103 1977



A Nr. LXVIII Lagt fram í sakadómi
Reykjavíkur 1/4 '77

14

RANNSÓKNARLÖGREGLAN Í REYKJAVÍK

TÆKNIDEILD

LJÓSMYNDIR, teknar 23. marz 1977 af Albert Klahn Skaftasyni, f. 16. febrúar 1955 nafnnúmer 0190-7182, 173 cm að hæð, 63 kg að þyngd.

REYKJAVÍK 30. marz 1977.


REYKJAVIK
1969
173 2303 1977



A Nr. LXIX Lagt fram í sakadómi Reykjavíkur 1/4 '77

16

RANNSÓKNARLÖGREGLAN Í REYKJAVÍK

TÆKNIDEILD

LJÓSMYNDIR, teknar 22. desember 1976 af Erlu Bolladóttur, f. 19. júlí 1955 nafnnúmer 2147-0929, 168 cm að hæð, 58 kg að þyngd.

REYKJAVÍK 30. marz 1977.

[signature]


REYKJAVIK
1958
168 2212 1976



A Nr. LXX Lagt fram í sakadómi
Reykjavíkur 1/4 '77

18

RANNSÓKNARLÖGREGLAN Í REYKJAVÍK

TÆKNIDEILD

LJÓSMYNDIR, teknar 21. marz 1977 af Guðjóni Skarphéðinssyni, f. 19. júní 1943 nafnnúmer 2930-7458, 181 cm að hæð, 67 kg að þyngd.

REYKJAVÍK 30. marz 1977.

19






Mál nr. 438 1974. **20** A Nr. LXXI Lagt fram í sakadómi Reykjavíkur 22/4 '77.

GBr.

# Rannsóknarlögreglan í Reykjavík

# Skýrsla

Mánu daginn 4. 4. 1977.

...kin af: Gísla Guðmundssyni lögreglum.

...fni: Rannsókn vegna hvarfs Guðmundar Einarssonar.

...nadir:

...r í varðhald:

Gunnlaugur Briem sakadómari hefur óskað eftir því, að eftirtalin atriði verði könnuð, vegna rannsóknar á hvarfi Guðmundar Einarssonar, Hraunprýði, Blesugróf, þ.27.jan. 1974:

1. Afla fæðingarvottorðs Guðmundar Einarssonar.

2. Fá vottorð frá manntali, Hafnarfjarðar eða Hagstofu Íslands, hvort Erla Bolladóttir og Sævar Marinó Ciesielski, hafi verið skráð tilh. að Hamarsbraut 11, Hafnarfirði, árin 1973 og eða 1974. Ef ekki, hvar þau hafi þá verið skráð heimilisföst?

3. Bæta við uppdráttinn af Hafnarfirði, þannig að samkomuhúsið Skiphóll komi þar inn á.

4. Marka inn á kort, þá leið sem Kristján Viðar og Albert Klahn, ber saman um að þeir hafi farið með lík Guðmundar Einarssonar, frá Hamarsbraut 11- Reykjanesbraut, ,Sædýrasafn, síðan að enda Álversins fjær Hafnarfirði, Þar beygt útaf og síðan ekið eftir malarvegi til baka og beygt inn á veg á móts við mitt Álverið og eftir þeim vegi í átt frá Álverinu inn í hraunið ca.1-2 km. Numið staðar við malargryfjur. Líkið tekið þar úr bílnum og borið út í hraunið til suðurs.

21

5. Fá ljósmyndir af svæðinu í hrauninu.

6. Sett verði inn á uppdráttinn leið sú sem Albert Klahn, segir hafa verið farin úr hrauninu, út á Hafnarfjarðarveg (Reykjanesbraut) og að kirkjugarðinum í Hafnarfirði. Fá ennfr. ljósmyndir frá kirkjugarðshliðinu inn á það svæði í garðinum, þar sem hann segir líkið hafa verið grafið.

7. Ath. hvort Kristján Viðar, Sævar Marinó, og Tryggvi Rúnar, hafi verið í gæzluvarðhaldi eða að taka út refsidóma, svo og eða gist í fangageymslum lögreglunnar í janúar, eða í ágúst 1974.

G.Guðm.
G. Guðm.

Þ.2o. apríl 1977.
Aflað hefur verið þeirra gagna, sem að framan eru upp talin. Í sambandi við 7 og síðasta liðinn, er rétt að taka fram, að aflað hefur verið upplýsinga í fangageymslum lögreglunnar hér í borginni og nágrannabæjum, að umræddir aðilar hafa ekki dvalið þar dagana, 26 eða 27. jan. 1974. Hið sama er að segja um fangelsið á Litla Hrauni, að þetta fólk var ekki þar bókað inni á um ræddum tíma.

Gísli Guðmundsson
lögreglum.
Gísli Guðmundsson



Barnaskóli
Lækjargata
Mjósund
Hverfisgata
Austurgata
Gunnarssund
Kirkja
Strandgata
Lækjargata
N. Lækjargata
ALÞÝÐUHÚS
Fjarðargata
SKIPHÓLL
Ráðhús




A Nr. LXXII Lagt fram í sakadómi
Reykjavíkur 22/11 '77

[signature]

22

Mælikv. 1:2000.

A Nr. LXXIII Lagt fram í sakadómi Reykjavíkur 22/4 '77

Gb/Br.

23

# RANNSÓKNARLÖGREGLAN Í REYKJAVÍK

## TÆKNIDEILD

LJÓSMYND[redacted] frá Landmælingum Íslands, er sýnir hluta Hafnarfjarðar og svæðið vestan við bæinn, vestur fyrir Álverið í Straumsvík. Merkt er inn á myndina með rauðu, leið sú sem Kristján Viðar Viðarsson og Albert Klahn Skaftason segjast hafa farið með lík Guðmundar Einarssonar frá Hamarsbraut 11.

Með grænu, leið sú sem Albert Klahn Skaftason segir að farið hafi verið með líkið úr hrauninu og í kirkjugarðinn í Hafnarfirði.

REYKJAVÍK 19. apríl 1977.

[signature]





A Nr. LXXIV Lagt fram í sakadómi Reykjavíkur 22/4 '77

SBr.

25

# RANNSÓKNARLÖGREGLAN Í REYKJAVÍK

## TÆKNIDEILD

LJÓSMYNDIR, teknar 6. apríl 1977 af vettvangi í Kapelluhrauni um 1,8 km. sunnan við Reykjanesbraut í beinni stefnu frá Álverinu við Straumsvík. Á þennan stað segjast þeir Kristján Viðar Viðarsson og Albert Klahn Skaftason hafa ekið með lík Guðmundar Einarssonar 27. janúar 1974.

REYKJAVÍK 13. apríl 1977.

[signature]



Þarna var bifreiðin stöðvuð.

26

Horft norður yfir vettvang, Álverið í baksýn.



Lík Guðmundar segjast mennirnir hafa borið frá bifreiðinni og út í hraunið vestan við veginn.

A Nr. LXXV Lagt fram í sakadómi Reykjavíkur 22/4'77

GBr.

27

# RANNSÓKNARLÖGREGLAN Í REYKJAVÍK

## TÆKNIDEILD

LJÓSMYNDIR, teknar 6. apríl 1977 í kirkjugarðinum í Hafnarfirði en þangað var lík Guðmundar einarssonar flutt í Ágústmánuði 1974 að sögn Alberts Klahn Skaftasonar.

REYKJAVÍK 13. apríl 1977.

[signature]



Við hlið á norðanverðum kirkjugarðinum segir Albert að bifreiðin sem flutti lík Guðmundar hafi verið lagt.

28



Hliðið, mynd tekin í N-Austurhluta kirkjugarðsins.



Úr N-Austurhluta kirkjugarðsins, þar eru á nokkrum stöðum keðjur eins og á myndinni sjást, umhverfis leiði.





Horft í austur við norðurhlið kirkjugarðsins, en meðfram trjánum á myndinni segir Albert að farið hafi verið með líkið.

A Nr. LXXVI Lagt fram í sakadómi
Reykjavíkur 22/4 '77

# FÆÐINGARVOTTORÐ

8/Br. 30

*Hér með vottast, að* Guðmundur Einarsson

*er fædd(ur)* 6 ágúst 1955 *skírð(ur)* 29 janúar 1956

*Fæðingarstaður* Reykjavík

*Foreldrar* Einar Baldursson

Arnfríður Felixdóttir

*Vottorð þetta er gefið út samkvæmt skýrslu prests eftir kirkjubók ~~þjóðskrá.~~*

Gjald kr. 1

Greitt:

*Reykjavík,* 4 [illegible] *197*7

**Hagstofa Íslands fyrir hönd Þjóðskrárinnar.**

J. Pétursdóttir

87415000

A Nr. LXXVIII Lagt fram í sakadómi Reykjavíkur 22/4 '77

HAGSTOFA ÍSLANDS
Þjóðskráin

31

Reykjavík, 06-04-77.

Hér með staðfestist, að Sævar Marinó Ciesielski

f. 06-07-55 ~~er á~~ íbúaskrá 1. des. 1972

að Grýtubakka 10, og allt fram að 29-01-75
er hann fer til Danmerkur.
Skráður aftur að Grýtubakka 10. 30-06-76

e. u.

J. Pétursdóttir

HAGSTOFA ÍSLANDS

1275500

A Nr LXXVIII Lagt fram í sakadómi Reykjavíkur 27/4 '77

HAGSTOFA ÍSLANDS
Þjóðskráin

GBr. 32

Reykjavík, 06-04-55

Hér með staðfestist, að Erla Bolladóttir

f. 19-07-55 ~~er á~~ íbúaskrá ~~1. des. 1973~~

frá 15-08-73 að Hamarsbraut 11. Hafnarf. og skráð þar til 29-01-75. Þá, Danmörku
Skráð 30-06-76 að Grýtubakka 10. R.

e. u.

P. Pétursson

HAGSTOFA ÍSLANDS

1275500

A Nr. LXXIX Lagt fram í sakadómi Reykjavíkur 22/4 '77

GB.

33

**HAFNARFJARÐARBÆR**

MANNTAL
SG/eá

Hafnarfirði, 5. apríl 1977.

Það er hér með staðfest skv. íbúaskrá Hafnarfjarðar að Erla Bolladóttir (f.19.07.55) var búsett að Hamarsbraut 11 hér í bæ frá 15. ágúst 1973 til 29. jan. 1975 er hún var tilkynnt til Danmerkur skv. upplýsingum frá Hagstofu Íslands 6/6 1975.

Virðingarfyllst,

Sigurgeir Gíslason

Sigurgeir Gíslason.

Hr. rannsóknarlögreglumaður,
Sveinn Björnsson,
Suðurgötu 8,
Hafnarfirði.

Fangelsið Síðumúla 28
Reykjavík.

A Nr. LXXX Lagt fram í sakadómi Reykjavíkur 27/4 '77

ÓBr.

34

[Sa]mkvæmt beiðni um athugun íbókum fangelsins, á hugsanlegri fangavist
[þe]irra: Tryggva Rúnars Leifssonar f. 2.1o.51.
Kristjáns Viðars Viðarssonar f.21.4.1955.
Sævars Marino Ciesieselski f.6.7.1955.
Erlu Bolladóttur f.19.7.1955.
Albert Klan Skaftason f.16.2.1955.

[Dag]ana 26.og27.janúar 1974 hefur ekkert þeirra ofangreindra dvalið hér þessa
[greindu] daga. Varðandi Gunnar Jónsson f.9.2.1956 þá fynnst nafn hans ekki
[sk]ráð í skrár fangelsins.

Reykjavík 6.4.1977.

Gunnar Marinósson.
Gunnar Marinóson
varðstjóri

Þ.12.4.1977.

Í dag hefur ennfremur verið kannað, hvort eitthvað af ofangreindu fólki var í fangelsinu í Síðumúla, í ágúst mán.sama ár. Gunnar Marinósson varðstjóri upplýsir að svo hafi ekki verið.

Gísli Guðmundsson
Gísli Guðmundsson
lögreglum.

[R]annsóknarlögreglumaður
[Gís]li Guðmundsson
[Bo]rgartúni 7
[Re]ykjavík.

35 A Nr. LXXXI Lagt fram í sakadómi Reykjavíkur 27/4 '77

ÓÞ Bj.

það vottast að samkvæmt dagbók og spjaldskrá hegningarhúsinu hefur enginn af því fólki er hér verður nefnt verið fangar í hegningarhúsinu dagana 26. og 27. janúar árið 1974

Kristján Viðar Viðarsson

Tryggvi Rúnar Leifsson

Sævar Marinó Ciesielski

Erla Bolladóttir

Gunnar Jónsson
fæddur 9. febr. 1956

Reykjavík 6. apríl 1977

Valdemar Guðmundsson

Albert Klahn Skaftason, hefur fallið út af ofangreindum lista, en Gunnar Kristinsson, fangavörður hefur upplýst, að Albert hafi ekki verið fangi í hegningarhúsinu umrædda daga.

Gísli Guðmundsson
lögreglum.

Þá hefur það einnigverið athugað, að enginn þeirra sem að ofan eru nefndir, hafa verið í Hegningarhúsinu í ágúst 1974.

Gísli Guðmundsson
lögreglum.

36 A Nr. LXXXI Lagt fram í sakadómi Reykjavíkur 22/4 '77

ÁBJ.

Hafnarfirði, 6. apríl, 1977.

Samkvæmt beiðni Gísla Guðmundssonar, rannsóknar-lögreglu-þjóns, hef ég undirritaður athugað skýrslur og bókanir í dagbók lögreglunnar í Hafnarfirði, dagana 26. 27. og 28. janúar 1974, varðandi þau Albert Klan Skaptason, Erlu Bolladóttur, Guðmund Einarsson, Gunnar ~~Einarsson~~ Jónsson, Kristján Viðar, Sævar Sesielsky og Tryggva Leifsson og ekkert fundið bókað varðandi þetta fólk.

Rétt, samkvæmt skýrslum og dagbók lögreglunnar í Hafnarfirði.

Ólafur K. Guðmundsson
Aðstoðaryfirlögregluþjónn.

A Nr. LXXXIII Lagt fram í sakadómi
Reykjavíkur 5/5-'77

37 8/26.

38



Leitarflokkar safnast saman til leitarinnar. (Ljósm. Mbl. Sv. Þorm.)

# Víðtæk leit að 18 ára pilti



Guðmundur Einarsson.

**FÉLAGAR í 12 björgunarsveitum SVFÍ og hjálparsveitum skáta á höfuðborgarsvæðinu og af Suðurnesjum leituðu í gær á svæðinu frá Hafnarfirði yfir að Blesugróf í Reykjavík að 18 ára pilti, sem ekkert hefur frétzt af frá því aðfararnótt sl. sunnudags. Pilturinn heitir Guðmundur Einarsson, til heimilis að Hraunprýði í Blesugróf**

Hann fór á laugardagskvöldið á dansleik í Alþýðuhúsinu í Hafnarfirði og hefur síðast spurzt til hans um kl. 02 um nóttina á Strandgötu í Hafnarfirði. Þar var hann í fylgd með öðrum pilti, sennilega nokkru eldri, sem var dökkskolhærður og í gulri skyrtu, jakkalaus. Sá piltur er beðinn að hafa samband við lögregluna til að veita henni upplýsingar. Guðmundur var klæddur doppóttum jakka, grænleitum buxum og brúnum skóm. Hann er 180 sm á hæð og samsvarar sér vel, dökkhærður með hár niður á herðar.

Lýst var eftir Guðmundi í útvarpi í gær og um hádegið hófu leitarflokkar leit og leituðu fram til myrkurs, en án árangurs. Þyrla Landhelgisgæzlunnar og SVFÍ, TF—GNÁ, var einnig fengin til leitarinnar.

Leitað var í Hafnarfirði og nágrenni og einnig í Garðahreppi, Kópavogi og nágrenni, með það í huga, að Guðmundur kynni að hafa ætlað að ganga heim til sín að dansleiknum loknum. Þá voru íbúar húsa í Hafnarfirði og Garðahreppi beðnir að leita í kringum hús sín.

# ENNÞÁ TÝNDUR



## Ekki leitað í dag

### — beðið eftir betri skilyrðum

Skipulegri leit verður ekki haldið áfram í dag að Guðmundi Einarssyni, sem ekkert hefur spurzt til síðan sl. sunnudag.

Leitarskilyrði voru mjög erfið í gær, víða miklir snjóar, og ræsi og skurðir full.

Hjálparsveitir skáta og Slysavarnafélagsins ásamt þyrlu leituðu í gær án árangurs. Leitað var á öllu Stór-Reykjavíkursvæðinu og nágrenni.

Um leið og aðstæður batna eitthvað, og snjóa fer að leysa, verða hjálparsveitir kallaðar aftur til leitar.

Guðmundur sást seinast aðfararnótt sunnudags, en eftir það kyngdi niður miklum snjó.

Fólk hefur verið beðið um að leita í húsagörðum sínum og kjöllurum.

—ÓH

Vísir.

Vísir. Miðvikudagur 30. janúar 1974.





Þetta er Guðmundur Einarsson, 18 ára pilturinn, sem saknað hefur verið síðan á aðfaranótt sunnudags.

Þegar hann sást síðast, var hann klæddur doppóttum jakka, grænleitum buxum og brúnum skóm. Hann er 180 cm á hæð, dökkhærður með hár niður á herðar.

Hann sást seinast á Strandgötu í Hafnarfirði, í fylgd með öðrum pilti, sem talinn er nokkru eldri. Sá var dökkskolhærður, í gulri skyrtu, jakkalaus.

Guðmundur á heima að Hraunbrýði í Blesugróf.

40



# Lögreglan leitar að pilti á gulri skyrtu



Klp-Reykjavik. **Skipulagðri leit að Guðmundi Einarssyni, sem ekkert hefur spurzt til síðan aðfaranótt s.l. sunnudags, var ekki haldið áfram í gær.**

Aðstæður til leitar eru mjög slæmar, og að sögn þeirra, sem voru við leitarstörf í fyrradag, er vonlaust að fara yfir svæðið milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar fyrr en snjó leysir eitthvað að ráði.

Rannsóknarlögreglan í Reykjavík hefur auglýst eftir pilti, sem vitað er að var með Guðmundi úti á götu í Hafnarfirði um klukkan tvö aðfaranótt sunnudagsins.

Hefur stúlka, sem þarna var á ferð og þekkti Guðmund, sagt frá því, að hún hafi séð hann ásamt þessum pilti, sem hún þekkti ekki, og hafi þeir sýnilega verið að reyna að ná sér í bílfar.

Pilt þennan telur hún hafa verið í gulri skyrtu og jakkalausan. Biður rannsóknarlögreglan þennan pilt eða hvern þann, sem gefið getur upplýsingar um hann, að gefa sig fram sem allra fyrst.

æ

HILMAR INGIMUNDARSON
HÆSTARÉTTARLÖGMAÐUR
RÁNARGÖTU 13 – REYKJAVÍK – SÍMI 27765 – P. O. BOX 19

A Nr. XXVI LXXXIV Lagt fram í sakadómi Reykjavíkur 14/9 '77
[handwritten initials]



Reykjavík, 14. september 1977

Hr. Gunnlaugur Briem,
sakadómari,
Borgartúni 7,
Reykjavík.

Sendi yður hér með endurrit úr dagbók fangelsisins að Síðumúla 28, hér í borg, varðandi skjólstæðing minn, Tryggva Rúnar Leifsson. Óskast endurrit þetta lagt fram sem réttarskjal í málinu: Ákæruvaldið gegn Tryggva Rúnari Leifssyni o.fl.

Eins og fram kemur í endurriti þessu, er Tryggvi Rúnar í stöðugum yfirheyrslum í lok desember 1975 og í byrjun árs 1976. Í mörgum tilfellum er hann tekinn fyrir af tveimur tilteknum rannsóknarlögreglumönnum og auk þess í sumum tilfellum einnig af fulltrúa yfirsakadómara í Reykjavík. Í málinu liggja hins vegar ekki fyrir nema tvær stuttar skýrslur af Tryggva Rúnari frá því að hann er úrskurðaður í gæzluvarðhald 23/12 1975 og til loka maímánaðar 1976. Samkvæmt dagbókinni er hann tekinn til yfirheyrslu á þessu tímabili í u.þ.b. 33 skipti. Einnig kemur fram, að rannsóknarlögreglumennirnir svo og fulltrúi yfirsakadómarans í Reykjavík, fara margsinnis inn í klefann til Tryggva Rúnars, til að tala við hann einslega.

Ég vek athygli á því, að skv. dagbókinni er Tryggvi Rúnar tekinn til yfirheyrslu 23. desember 1975 kl. 18:35 af Sigurbirni Víði og færður í klefa kl. 18:43. Skv. rannsóknarlögregluskýrslu er hann tekinn til yfirheyrslu kl. 18:50 af Eggerti N. Bjarnasyni og henni lokið kl. 19:00.

Þá er vert að hafa það í huga, að vottar eru aldrei viðstaddir sjálfar yfirheyrslurnar og í þau tvö skipti, sem Tryggvi Rúnar er skriflega yfirheyrður, þá er vottur í annað skiptið annar rannsóknarlögreglumannanna og hitt skiptið eru vottar tilkvaddir eftir að skýrslugerð var lokið.

Þess er hér með krafizt, að rannsóknarlögreglumennirnir, svo og fulltrúi yfirsakadómara, geri nánari grein fyrir því, hvers vegna Tryggvi Rúnar er tekinn til yfirheyrslu í ein 30 skipti án þess að þeir bóki nokkuð um það, hvað gerzt hafi. Einnig verði sömu aðilar að því spurðir, hvers vegna engir vottar eru við yfirheyrslur? Loks verði sömu aðilar inntir eftir ferðum sínum í klefann til Tryggva Rúnars. Hver var tilgangurinn og hvað fór á milli þeirra og Tryggva Rúnars?

Að lokum vil ég lýsa því yfir, að ég tel, að verjendum í máli þessu hafi ekki verið gefinn kostur á því til jafns við ákæruvaldið að fylgjast með dómsrannsókn sem skyldi. Sérstaklega vil ég mótmæla því, að hafa ekki verið tilkvaddur, þegar vitnið, Gunnar Jónsson, gaf skýrslu sína fyrir dómi. Ég er fyrst tilkvaddur fyrirvaralaust 4. maí 1977 kl. 13:30 til að vera viðstaddur samprófun skjólstæðings míns og Gunnars Jónssonar, án þess að hafa áður haft tækifæri til að kynna mér sérstaklega framburð Gunnars. Gunnari er síðan án fyrirvara sleppt úr landi án samráðs við verjendur. Mér er ekki ljóst hverju þetta á að þjóna.

Að endingu vil ég vekja athygli yðar á bókun 3.marz 1977 kl. 11:40 í dagbók fangelsisins að Síðumúla 28, þar sem þér neitið skjólstæðingi mínum þeim skýlausa rétti að fá að tala við mig sem verjanda sinn einslega og gefið þá skýringu, að þér séuð ekki sáttur við viðbrögð og framkomu skjólstæðings míns í Guðmundarmálinu og ekki skilja þau.

Með tilliti til þessarar yfirlýsingar yðar verður ekki hjá því komizt að líta svo á, að þér hafið fyrirfram tekið ákveðna afstöðu í málinu. Hefur skjólstæðingur minn því falið mér að krefjast þess, að þér víkið sæti í máli þessu, þar sem hann treystir því ekki, að þér munið líta á málið hlutlaust eftir slíkar yfirlýsingar.

Virðingarfyllst,

Hilmar Ingimundarson.

Hilmar Ingimundarson, hrl.

A Nr. ~~XXVII~~ LXXXV Lagt fram í sakadómi Reykjavíkur 14/9 '77.

43

Endurrit úr dagbók fangelsins að Síðumúla 28, vegna innsetningar, yfirheyrslna og læknisvitjanna í sambandi við Tryggva Rúnar Leifsson.

| | | |
|---|---|---|
| 23/12 1975 | kl. 14:15 | var sakborningur settur inn vegna Guðmundarmálsins. |
| 23/12 1975 | kl. 18:35 | Tekinn fyrir af Sigurbirni Víði. Færður á klefa sinn kl. 18:43. |
| 23/12 1975 | kl. 19:30 | Færður í rétt til Arnar Höskuldssonar fltr., úrskurðaður í 90 d. gæsluvarðh., vék frá kl. 19:45. |
| 27/12 1975 | kl. 02:00 | Tryggvi hefur talað við sjálfan sig annað kastið til kl. 08:00. |
| 27/12 1975 | kl. 11:05 | tóku rslm. Eggert Bjarnas. og Sigurbj. Víðir, Tryggva til yfirheyrslu. Var ekki talinn hæfur til þess, vék strax frá. |
| 27/12 1975 | kl. 12:25 | Hringt í Guðstein Þengilsson læknir, (en hann er læknir hússins) og hann beðinn að koma og sprauta Tryggva niður, svo hann geti sofnað. |
| 27/12 1975 | kl. 13:35 | Kom Guðsteinn læknir og sprautaði Tryggva. |
| 27/12 1975 | kl. 19:20 | Kom læknirinn aftur og sprautaði Tryggva. |
| 28/12 1975 | kl. 12:00 | Tryggvi búinn að sofa frá kl. 19:45 í gærkvöldi. |
| 28/12 1975 | kl. 14:55 | tóku rslm. Eggert Bjarnas. og Sigurbj. Víðir Tryggva til yfirheyrslu, síðar kom svo Örn fltr. |
| 28/12 1975 | kl. 17:25 | lauk yfirheyrslu yfir Tryggva. |
| 30/12 1975 | kl. 13:20 | var Tryggvi tekinn til yfirheyrslu af Sigurbirni Víði, rslm. |
| 30/12 1975 | kl. 14:15 | lauk yfirheyrslunni. |
| 2/1 1976 | kl. 17:00 | var Tryggvi tekinn til yfirheyrslu af Eggert Bjarnas., rslm. |
| 2/1 1976 | kl. 18:45 | lauk yfirheyrslunni. |
| 2/1 1976 | kl. 21:20 | var Tryggvi tekinn til yfirheyrslu af Eggert B. og Sigurb. Víði. |
| 2/1 1976 | kl. 21:55 | lauk yfirheyrslu. |

44

| | | | |
|---|---|---|---|
| 3/1 | 1976 | kl. 10:00 | fóru Eggert B. og Sigurbj. Víðir með Tryggva út í leiðangur. Kom aftur kl. 10:58. |
| 4/1 | 1976 | kl. 14:30 | var færður til yfirheyrslu hjá Eggert og Víði rslm.. Kl. 14:40 kom Örn fltr. og tók við af Eggert í bíli. |
| 4/1 | 1976 | kl. 16:10 | lauk yfirheyrslu. |
| 7/1 | 1976 | kl. 15:30 | var tekinn til yfirheyrslu af Eggert og Víði rslm. |
| 7/1 | 1976 | kl. 19:45 | var gert 15 mín. hlé á yfirheyrslu. |
| 7/1 | 1976 | kl. 20:20 | lauk yfirheyrslunni. |
| 8/1 | 1976 | kl. 08:50 | tekinn til yfirheyrslu af Sigurb.Víði. |
| 8/1 | 1976 | kl. 12:00 | gert hlé. |
| 8/1 | 1976 | kl. 13:10 | tekinn fyrir aftur, þá af Erni fltr. og Eggert rslm. |
| 8/1 | 1976 | kl. 13:35 | yfirheyrslu lokið. |
| 8/1 | 1976 | kl. 18:25 | Hringt í Sigurbj. Víði að beiðni Tryggva og vill hann tala við Sigurbj. einslega. |
| 8/1 | 1976 | kl. 18:50 | kom Sigurbj. Víðir rslm. og tók Tryggva strax til yfirheyrslu, að sjálfs hans beiðni. |
| 8/1 | 1976 | kl. 19:25 | yfirheyrslu lokið. |
| 9/1 | 1976 | kl. 08:50 | Tekinn til yfirheyrslu af Sigurb. Víði. |
| 9/1 | 1976 | kl. 10:10 | yfirheyrslu lokið. |
| 9/1 | 1976 | kl. 14:30 | tekinn til yfirheyrslu af Eggert og Sigurb. Víði. |
| 9/1 | 1976 | kl. 15:05 | yfirheyrslu lokið. |
| 10/1 | 1976 | kl. 13:50 | tekinn til yfirheyrslu af Eggert og Sigurb. Víði. |
| 10/1 | 1976 | kl. 16:15 | yfirheyrslu lokið. |
| 11/1 | 1976 | kl. 16:00 | tekinn fyrir dóm hjá Erni fltr. |
| 11/1 | 1976 | kl. 16:20 | vék úr dómi. |
| 11/1 | 1976 | kl. 18:10 | tekinn til viðtals hjá Eggert og Víði. |
| 11/1 | 1976 | kl. 19:10 | tekið matarhlé. |
| NB. 11/1 | 1976 | kl. 19:40 | tekinn til samprófunar við Albert K. Skaftason. Engin skýrsla. |
| 11/1 | 1976 | kl. 19:55 | samprófun lokið. |

45

| | | | |
|---|---|---|---|
| 14/1 | 1976 | kl. 14:45 | tekinn til yfirheyrslu af Erni fltr. |
| 14/1 | 1976 | kl. 15:30 | yfirheyrslu lokið. |
| 15/1 | 1976 | kl. 08:50 | tekinn til yfirheyrslu af Eggert B.rslm. |
| 15/1 | 1976 | kl. 12:00 | gert hlé. |
| 15/1 | 1976 | kl. 12:30 | tekinn til yfirheyrslu af Víði, síðan Eggert. |
| 15/1 | 1976 | kl. 15:10 | gert hlé. |
| 15/1 | 1976 | kl. 15:40 | tekinn fyrir aftur. |
| 15/1 | 1976 | kl. 16:00 | yfirheyrslu lokið. |
| 15/1 | 1976 | kl. 17:45 | hófst yfirheyrsla á ný hjá Sigurb.Víði. |
| 15/1 | 1976 | kl. 20:30 | yfirheyrslu lokið. |
| 16/1 | 1976 | kl. 08:50 | tekinn fram til Víðis. |
| 16/1 | 1976 | kl. 09:10 | Færður á kåefa sinn. |
| 16/1 | 1976 | kl. 10:30 | Færður fyrir Sigurbj. Víði. |
| 16/1 | 1976 | kl. 12:05 | yfirheyrslu lokið. |
| 17/1 | 1976 | kl. 10:00 | kom Guðsteinn læknir og talaði við Tryggva og fleirri fanga. |
| 7/2 | 1976 | kl. 14:00 | fór Örn Höskuldsson fltr. inn á klefa til Tryggva og talaði þar við hann smá stund. |
| 7/2 | 1976 | kl. 14:50 | fóru Örn fltr. og Eggert rslm. með Tryggva í ökuferð. |
| 7/2 | 1976 | kl. 17:00 | komu ofangreindir menn með Tryggva aftur. |
| 14/2 | 1976 | kl. 09:45 | kom Guðsteinn læknir og talaði við Tryggva og fl. |
| 19/2 | 1976 | kl. 13:30 | kom Guðsteinn læknir, talaði við Tryggva og fl. |
| 21/2 | 1976 | kl. 09:45 | leit Guðsteinn læknir til Tryggva og fl. |
| 6/3 | 1976 | kl. 11:50 | Guðsteinn læknir talar við Tryggva og fl. |
| 6/3 | 1976 | kl. 13:10 | færður fyrir Örn fltr.,.rslm. Eggert og Sigurbj. Víði. |
| 6/3 | 1976 | kl. 13:45 | færður á klefa sinn. |
| 20/3 | 1976 | kl. 14:00 | Talar Sigurbj. Víðir við Tryggva inn á klefa. |
| 20/3 | 1976 | kl. 14:50 | lauk samtalinu. |
| 22/3 | 1976 | kl. 14:10 | var Tryggvi færður fyrir Sigurbj.Víðir. |
| 22/3 | 1976 | kl. 16:00 | yfirheyrslu lokið. |
| 22/3 | 1976 | kl. 17:30 | færður í rétt til framh. úrsk. 90 d. |
| 22/3 | 1976 | kl. 17:40 | vék úr rétti. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 24/3 | 1976 | kl. | 15:30 | var Tryggvi færður fyrir Sigurbj.Víði. |
| 24/3 | 1976 | kl. | 16:20 | yfirheyrslu lokið. |
| 27/3 | 1976 | kl. | 09:50 | kom Guðsteinn læknir og talaði við Tryggva og fl. |
| 30/3 | 1976 | kl. | 20:50 | talar Sigurbj. Víðir við hann í örfáar mín. á klefa. |
| 6/4 | 1976 | kl. | 23:15 | Víðir inn á klefa til Tryggva í viðtal. |
| 6/4 | 1976 | kl. | 23:25 | viðtalinu lokið. |
| 26/4 | 1976 | kl. | 18:10 | fór Sigurbj. Víðir inn á klefa til viðtals við Tryggva Rúnar. |
| 26/4 | 1976 | kl. | 18:30 | kom Sigurbj. Víðir frá Tryggva. |
| 27/4 | 1976 | kl. | 14:35 | kom Ívar Hannesson rlm. ætlar að tala við Tryggva v/ávísanamisferlis. |
| 27/4 | 1976 | kl. | 14:40 | Tryggvi færður fram til Ívars. |
| 27/4 | 1976 | kl. | 15:15 | Tryggvi færður til klefa síns aftur. |
| 29/4 | 1976 | kl. | 17:05 | fór Sigurbj. Víðir til Tryggva, talar við hann smá stund. |
| 30/4 | 1976 | kl. | 10:00 | Víðir sótti Tryggva og flutti í Sakadóm Rvíkur. (Endurkoma óskráð) |
| 28/5 | 1976 | kl. | 10:10 | Hilmar Ingimundarson hrl. mættur til viðtals við Tryggva. |
| 31/5 | 1976 | kl. | 20:50 | fór S. Víðir í 15 mín. inn á klefa til Tryggva. |
| 1/6 | 1976 | kl. | 09:50 | tók S. Víðir, Tryggva Rúnar til yfirheyrslu. |
| 1/6 | 1976 | kl. | 10:50 | lauk S. Víðir yfirheyrslu yfir Tryggva. |
| 1/6 | 1976 | kl. | 14:05 | var Tryggvi tekinn til yfirheyrslu af Víði rlm. |
| 1/6 | 1976 | kl. | 15:00 | var Tryggvi settur aftur í klefa sinn. |
| 1/6 | 1976 | kl. | 20:45 | var Tryggvi færður til yfirheyrslu. |
| 1/6 | 1976 | kl. | 22:10 | lauk yfirheyrslu,Tryggvi færður í klefa sinn. |
| 2/6 | 1976 | kl. | 17:22 | Tryggvi og Kristján Viðar leyft að ræðast við í viðurvist S. Víðis og Högna fangavarðar. |
| 2/6 | 1976 | kl. | 19:00 | Samræðum lokið, færðir á klefa sinn Tryggvi og Kristján Viðar. |
| 3/6 | 1976 | kl. | 12:45 | Víðir kemur og talar við Tryggva Rúnar. |
| 3/6 | 1976 | kl. | 13:55 | Víðir fer, eftir að hafa talað við Tryggva Rúnar. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 3/6 | 1976 | kl. | 21:10 | Tryggva og Kristjáni Viðar leyft að ræðast við í viðurvist Sigurbj. Víðis. |
| 3/6 | 1976 | kl. | 22:50 | lauk viðtali S. Víðis við Tryggva og Kristján og þeir færðir inn. |
| 4/6 | 1976 | kl. | 21:50 | látnir ræða saman, Tryggvi, Kristján og Sævar. |
| 4/6 | 1976 | kl. | 23:50 | færðir á klefa sína Kristján og Tryggvi. |
| 5/6 | 1976 | kl. | 09:25 | kom Guðsteinn læknir, talar við Tryggva og fl. |
| 5/6 | 1976 | kl. | 17:30 | Tryggvi og Sævar ræða saman að viðstöddum S. Víði. |
| 5/6 | 1976 | kl. | 18:15 | báðir ofangreindir fangar færðir til klefa sinna. |
| 6/6 | 1976 | kl. | 21:45 | tók S. Víðir Tryggva Rúnar til viðtals. |
| 6/6 | 1976 | kl. | 23:40 | lauk samtali Víðis og Tryggva. |
| 7/6 | 1976 | kl. | 13:45 | Tryggvi og Sævar látnir ræðast við, að viðstöddum S. Víði. |
| 7/6 | 1976 | kl. | 17:15 | Tryggvi og Sævar færðir á klefa sína. |
| 10/6 | 1976 | kl. | 15:10 | S. Víðir tók Tryggva til viðtals. |
| 10/6 | 1976 | kl. | 15:30 | lauk samtali Víðis og Tryggva. |
| 10/6 | 1976 | kl. | 23:30 | Víðir tekur Tryggva og Kristján til viðræðu í horninu. |
| 11/6 | 1976 | kl. | 00:45 | Tryggvi og Kristján færðir á klefa sína. |
| 11/6 | 1976 | kl. | 12:50 | Njörður Snæhólm rlm. tekur Tryggva til viðtals |
| 11/6 | 1976 | kl. | 13:15 | lauk samtali Tryggva og Njarðar. |
| 11/6 | 1976 | kl. | 23:35 | Tryggvi fram í samtal við Víðir. |
| 11/6 | 1976 | kl. | 23:45 | samtalinu lokið. |
| 12/6 | 1976 | kl. | 09:30 | Guðsteinn læknir talar við Tryggva og fl. |
| 12/6 | 1976 | kl. | 13:30 | Ómar bróðir Tryggva kom með sendingu, Víðir lét sækja Tryggva og leyfði þeim bræðrum að talast við. |
| 12/6 | 1976 | kl. | 14:30 | samtalinu lokið, Tryggvi inn aftur. |
| 12/6 | 1976 | kl. | 23:05 | Tryggvi fram til viðtals við S. Víðir. |
| 12/6 | 1976 | kl. | 23:50 | samtalinu lokið. |
| 13/6 | 1976 | kl. | 15:45 | Tryggvi færður fram til Árna fltr. og Víðis, þeir fara með Tryggva út í bíltúr. |
| 13/6 | 1976 | kl. | 18:20 | komið með Tryggva aftur að utan. |
| 20/6 | 1976 | kl. | 14:40 | Örn fltr. bað um að haft yrði samband við Hilmar Ingimundar hrl. vegna úrskurðar Tryggva síðar í dag. |

48

20/6 1976 kl. 18:15 Tryggvi fram og úrak. í 90 daga.
21/6 1976 kl. 13:45 Tryggvi sóttur og fluttur í Sakadóm.
21/6 1976 kl. 15:30 komið með Tryggva úr Sakadómi.
21/6 1976 kl. 16:25 kom Örn fltr., fór inn á klefa til Tryggva Rúnars.
21/6 1976 kl. 16:40 kom Örn frá Tryggva.
22/6 1976 kl. 18:00 Ásgeir Karlsson, geðlæknir, tekur Tryggva til viðtals.
22/6 1976 kl. 19:15 viðtali Ásgeirs og Tryggva lokið.
24/6 1976 kl. 13:40 Njörður Snæhólm rlm. talar við Tryggva.
24/6 1976 kl. 14:05 viðtalinu lokið.
24/6 1976 kl. 18:30 Tryggvi fram til viðtals við Ásgeir Karlsson geðlækni.
24/6 1976 kl. 19:15 viðtalinu lokið.
29/6 1976 kl. 18:55 var Tryggvi færður fram til viðtals við Ásgeir geðlækni. (Ekki skráð hvenær viðtalinu lauk).
30/6 1976 kl. 15:30 Sigurbjörn Víðir tekur Tryggva til viðtals.
30/6 1976 kl. 18:45 viðtalinu lokið.
2/7 1976 kl. 20:20 fer Víðir og hefur þá nýlega lokið stuttu viðtali við Tryggva.
3/7 1976 kl. 09:45 Guðsteinn læknir talar við Tryggva og fl.
3/7 1976 kl. 10:10 var Sigurbirni færður Tryggvi til viðtals.
3/7 1976 kl. 11:20 viðtalinu lokið.
3/7 1976 kl. 21:10 komu þeir Eggert B. og Víðir með Ómar Leifsson og leyfa þeim bræðrum að talast við.
3/7 1976 kl. 21:40 viðtali bræðranna lokið.
4/7 1976 kl. 15:45 Ásgeir geðlæknir talar við Tryggva Rúnar.
4/7 1976 kl. 17:00 viðtalinu lokið.
4/7 1976 kl. 20:45 kom Ásgeir geðlæknir aftur og talar við Tryggva í annað sinn í dag.
4/7 1976 kl. 22:25 viðtalinu lokið.
5/7 1976 kl. 22:35 talar Víðir augnablik við Tryggva inn á klefa.
6/7 1976 kl. 15:35 Gylfi Ásmundsson, sálfræðingur, tekur Tryggva til viðtals.

49

| | | | |
|---|---|---|---|
| 6/7 | 1976 | kl. 17:45 | lauk viðtalinu. |
| 8/7 | 1976 | kl. 08:10 | Farið með Tryggva í læknisskoðun á Kleppsspítala, síðan beint í heilalínurit, hvoru tveggja að boði Ásgeirs geðlæknis. |
| 8/7 | 1976 | kl. 11:30 | komið með Tryggva aftur og þá sent héðan sálfræðipróf Tryggva og skilaboð á Klepp til Gylfa. |
| 8/7 | 1976 | kl. 21:45 | kom Ómar Leifsson og talar við Tryggva og Víðir í horninu. |
| 8/7 | 1976 | kl. 22:25 | viðtalinu lokið. |
| 12/7 | 1976 | kl. 14:30 | Víðir tók Tryggva til viðtals í horninu. |
| 12/7 | 1976 | kl. 14:50 | viðtalinu lokið. |
| 12/7 | 1976 | kl. 19:15 | var Tryggvi færður fram til Víðis og Gísla Guðjónssonar sálfræðings. |
| 12/7 | 1976 | kl. 19:50 | Tryggvi inn aftur. |
| 13/7 | 1976 | kl. 14:55 | kom Víðir, talar stutta stund við Tryggva inn á klefa. |
| 13/7 | 1976 | kl. 17:20 | Örn fltr. fer inn til Tryggva og talar við hann stuttastund. |
| 16/7 | 1976 | kl. 13:20 | Örn fltr. talar við Tryggva nokkur orð inn á klefa. |
| 16/7 | 1976 | kl. 14:00 | fór Víðir með Tryggva út í fata söfnun og heimsók til ömmu hans. |
| 16/7 | 1976 | kl. 14:55 | kom Víðir með Tryggva afturþ. |
| 16/7 | 1976 | kl. 16:25 | Tryggvi fluttur á Litla-Hraun, samkvæmt ákvörðum Arnar fltr. |
| 4/8 | 1976 | kl. 22:55 | komið með Tryggva frá Litla-Hrauni. |
| 6/8 | 1976 | kl. 14:10 | kom Guðm. Þórðarson, læknir, tók blóðsýni frá Tryggva. |
| 7/8 | 1976 | kl. 14:05 | Guðsteinn læknir talar við Tryggva og fl. |
| 9/8 | 1976 | kl. 13:20 | Tryggvi fluttur austur á Litla-Hraum. |
| 30/8 | 1976 | kl. 19:00 | kom Víðir með Tryggva úr Hegningarhúsinu. |
| 31/8 | 1976 | kl. 17:27 | var Tryggvi færður til viðtals við Víði. |
| 31/8 | 1976 | kl. 17:58 | viðtalinu lokið. |
| 2/9 | 1976 | kl. 17:10 | kom Hilmar Ingimundarsson hrl., talar við Tryggva, að viðstöddum Víði rlm. |
| 2/9 | 1976 | kl. 17:40 | viðtalinu lokið. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 3/9 | 1976 | kl. 13:23 | var Tryggvi færður fram til Víðis. |
| 3/9 | 1976 | kl. 13:35 | viðtalinu lokið. |
| 3/9 | 1976 | kl. 14:25 | Guðsteinn læknir talar við Tryggva og fl. |
| 3/9 | 1976 | kl. 16:20 | Víðir sótti bréf frá Tryggva. |
| 10/9 | 1976 | kl. 16:55 | var Tryggvi færður fram til Víðis rlm. |
| 10/9 | 1976 | kl. 17:23 | viðtalinu lokið. |
| 16/9 | 1976 | kl. 18:35 | Tryggvi færður í hornið til Víðis. |
| 16/9 | 1976 | kl. 19:00 | viðtalinu lokið. |
| 17/9 | 1976 | kl. 18:08 | Tryggvi færður fyrir Örn fltr. og Víðir. Úrsk. 90 daga. |
| 17/9 | 1976 | kl. 18:25 | Tryggvi á klefa sinn aftur. |
| 21/9 | 1976 | kl. 13:25 | Tryggvi færður fyrir Rúnar Sigurðsson rslm. |
| 21/9 | 1976 | kl. 14:45 | Tryggvi færður á klefa sinn, yfirheyrslu lokið. |
| 25/9 | 1976 | kl. 17:07 | kom Guðsteinn læknir og talar við Tryggva og fl. |
| 27/9 | 1976 | kl. 19:47 | Tryggvi færður fyrir Sigurbj. Víðir. |
| 27/9 | 1976 | kl. 20:05 | Tryggvi færður á klefa sinn. |
| 28/9 | 1976 | kl. 19:20 | Tryggvi færður fyrir Sigurbj. Víðir. |
| 28/9 | 1976 | kl. 20:00 | Tryggvi færður á klefa sinn. |
| 2/10 | 1976 | kl. 08:50 | kom Guðsteinn læknir og talar við Tryggva og fl. |
| 9/10 | 1976 | kl. 09:25 | kom Guðsteinn læknir og talar við Tryggva og fl. |
| 12/10 | 1976 | kl. 14:25 | Tryggvi fluttur af Sigurb. Víði og Grétari Sæmundss. til Grétars Ólafssonar læknis. |
| 12/10 | 1976 | kl. 14:55 | kom Tryggvi aftur með sömu mönnum. |
| 12/10 | 1976 | kl. 21:40 | Tryggvi færður fyrir læknana Ásgeir Karlsson,Lárus Helgason og Ingvar Kristjánsson. |
| 12/10 | 1976 | kl. 21:55 | viðtalinu lokið og Tryggvi færður til klefa síns. |
| 12/10 | 1976 | kl. 23:50 | Tryggvi færður til viðtals við Sigurbj. Víðir rslm. |
| 13/10 | 1976 | kl. 00:20 | viðtalinu lokið. |
| 15/10 | 1976 | kl. 18:00 | Tryggvi færður til viðtals við Sigurbj. |
| 15/10 | 1976 | kl. 18:30 | viðtalinu lokið. |

16/10 1976 kl. 09:10 Talar Sigurbj. Víðir í örfáar mínútur við Tryggva.
16/10 1976 kl. 16:25 Tryggvi færður til viðtals við Karl Schutz.
16/10 1976 kl. 16:55 viðtalinu lokið.
20/10 1976 kl. 12:55 Tryggvi færður til viðtals við Sigurbj. Víðir rslm.
20/10 1976 kl. 13:10 viðtalinu lokið.
20/10 1976 kl. 19:30 Tryggvi færður til viðtals við Sigurbj. Víðir rslm.
20/10 1976 kl. 21:15 viðtalinu lokið.
21/10 1976 kl. 15:05 fóru Haraldur Árnason og Víðir með Tryggva til Grétars Ólafss. læknis.
21/10 1976 kl. 16:10 komu þeir aftur með Tryggva.
26/10 1976 kl. 09:20 fóru Jónas Bjarnason og Víðir með Tryggva til Grétars Ólafss. læknis.
26/10 1976 kl. 09:45 komu þeir aftur með Tryggva.
27/10 1976 kl. 11:50 Tryggvi færður fyrir Hilmar hrl.
27/10 1976 kl. 12:13 lauk viðtalinu.
29/10 1976 kl. 08:25 Talaði Víðir smá stund við Tryggva ca. 10 mín.
1/11 1976 kl. 20:10 Talaði Víðir smá stund við Tryggva, ca. 10 mín.
2/11 1976 kl. 09:20 Víðir og Jónas B. fóru með Tryggva á skurðstofugang Landspítalans.
2/11 1976 kl. 10:00 komið aftur með Tryggva.
3/11 1976 kl. 21:25 Örn Höskuldss. fltr. talar við Tryggva.
3/11 1976 kl. 21:50 viðtalinu lokið.
11/11 1976 kl. 08:25 farið með Tryggva á Landspítlann til Grétars Ólafssonar læknis.
11/11 1976 kl. 08:45 komið með Tryggwa aftur.
11/11 1976 kl. 14:45 Tryggvi fluttur á Litla-Hraun.
16/12 1976 kl. 16:45 komið með Tryggva frá Litla-Hrauni.
17/12 1976 kl. 09:04 talar Sigurbj. Víðir við Tryggva.
17/12 1976 kl. 09:30 viðtalinu lokið.
17/12 1976 kl. 11:10 Færður fyrir Örn Höskuldss. fltr. úrsk. í 150 daga.
17/12 1976 kl. 11:20 Tryggvi færður á klefa sinn.
17/12 1976 kl. 14:25 Tryggvi fluttur á Litla-Hraun.
14/1 1977 kl. 17:30 komið með Tryggva frá Litla-Hrauni að að beiðni Gunnlaugs Briem.

52

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 18/1 | 1977 | kl. | 10:00 | Tryggvi fluttur í Sakadóm Reykjavíkur. |
| 18/1 | 1977 | kl. | 11:40 | kom Tryggvi úr Sakadómi. |
| 18/1 | 1977 | kl. | 18:45 | Tryggvi færður fyrir Sigurbj. Víðir. |
| 18/1 | 1977 | kl. | 21:20 | viðtalinu lokið. |
| 19/1 | 1977 | kl. | 09:55 | Tryggvi fluttur í Sakadóm til Gunnlaugs Bríem. |
| 19/1 | 1977 | kl. | 11:50 | kom Tryggvi úr Sakadómi. |
| 19/1 | 1977 | kl. | 16:15 | Tryggvi færður fyrir Hilmar Ingimundarss. hrl. |
| 19/1 | 1977 | kl. | 16:30 | viðtalinu lokið. |
| 20/1 | 1977 | kl. | 10:55 | Tryggvi fluttur í Sakadóm. |
| 20/1 | 1977 | kl. | 13:10 | kom Tryggvi úr Sakadómi. |
| 22/1 | 1977 | kl. | 09:40 | var Tryggvi færður til viðtals við Guðstein lækni. |
| 24/1 | 1977 | kl. | 17:45 | kom Ívar Hannesson rlm. og talar við Tryggva inn á klefa. |
| 24/1 | 1977 | kl. | 18:00 | viðtali Ívars og Tryggva lokið. |
| 25/1 | 1977 | kl. | 16:15 | hringt í Gunnlaug Bríem sakadómara fyrir Tryggva, með beiðni um að fá að koma fyri fyrir dóm, nú þegar, og breita framburði. |
| 25/1 | 1977 | kl. | 16:30 | Tryggvi sóttur og fluttur í Sakadóm til Gunnlaugs Bríem dómara. |
| 25/1 | 1977 | kl. | 18:00 | Tryggvi kemur aftur úr Sakadómi. |
| 26/1 | 1977 | kl. | 13:10 | Tryggvi fluttur í Sakadóm til Haraldar Henrýssonar dómara. |
| 26/1 | 1977 | kl. | 14:10 | kom Tryggvi úr Sakadómi. |
| 27/1 | 1977 | kl. | 08:15 | S. Víðir rlm. talar við Tryggva augnablik inn á klefa. |
| 27/1 | 1977 | kl. | 16:15 | hringt í Gunnlaug Bríem fyrir Tryggva og spurtst fyrir um tilfærslu og eða lausagæslu fyrir hann. Enginn breiting ákveðin að svo stöddu. |
| 29/1 | 1977 | kl. | 09:20 | Guðsteinn læknir talar við Tryggva og fl. |
| 5/2 | 1977 | kl. | 10:45 | Guðsteinn læknir talar við Tryggva og fl. |
| 9/2 | 1977 | kl. | 08:00 | Sigurbj. Víðir talar við Tryggva inn á klefa. |
| 9/2 | 1977 | kl. | 09:05 | viðtalinu lokið. |
| 9/2 | 1977 | kl. | 13:30 | Ívar Hannesson rlm. tekur Tryggva til skýrslutöku. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 9/2 | 1977 | kl. | 14:45 | skýrslutöku lokið. |
| 9/2 | 1977 | kl. | 18:50 | Tryggvi færður fram til Hilmars hrl. |
| 9/2 | 1977 | kl. | 19:15 | viðtali lokið. |
| 12/2 | 1977 | kl. | 09:45 | Guðsteinn læknir talar við Tryggva og fl. |
| 16/2 | 1977 | kl. | 08:15 | Sigurbj. Víðir, inn til Tryggva, að beiðni Tryggva um viðtal. |
| 16/2 | 1977 | kl. | 08:50 | viðtalinu lokið. |
| 16/2 | 1977 | kl. | 16:15 | komið með erindisbréf frá Gunnlaugi Bríem dómara, varðandi Tryggva Rúnar. Sérstakt leyfi þarf hverju sinni, frá dómurum, til viðtala við Tryggva, að undanskyldum r.l.manna. |
| 22/2 | 1977 | kl. | 15:40 | Gunnlaugur Bríem dómari, með fyrirspurn um líðan Tryggva. Dómarinn hafði heyrt að ástand hans væri ekki gott,"jafnvel ruglaður". Læknir hefur ekki látið það uppi, að neitt sérstakt væri að fanganum. Jafnframt tilkynnti dómarinn, að Hellert Jóhannesson og Gísli Guðmundss. rlm. væru starfsmenn dómsins og kæmu þeir til viðtals við fangann eftir þörfum. |
| 23/2 | 1977 | kl. | 16:45 | hringt í G. Bríem dómara og beðið um viðtal við réttargæslumann, fyrir Tryggva. |
| 23/2 | 1977 | kl. | 17:25 | Hellert Jóhannesson rlm. talar við Tryggva inn á klefa. |
| 23/2 | 1977 | kl. | 19:05 | viðtali lokið. |
| 24/2 | 1977 | kl. | 14:10 | hringt í Hellert fyrir Tryggva, með beiðni um viðtal og skýrslugjöf. |
| 24/2 | 1977 | kl. | 15:35 | Hellert talar við Tryggva inn á klefa. |
| 24/2 | 1977 | kl. | 17:40 | viðtali lokið. |
| 26/2 | 1977 | kl. | 09:10 | Guðsteinn læknir talar við Tryggva og fl. |
| 26/2 | 1977 | kl. | 10:45 | kom Hellert og tala við Tryggva. |
| 26/2 | 1977 | kl. | 11:20 | viðtali lokið. |
| 2/3 | 1977 | kl. | 11:20 | Gísli Guðmundss. rlm. talar augnablik við Tryggva(ca. 10 mín.) |
| 2/3 | 1977 | kl. | 15:40 | hringdi Gísli og kvaðst ekki ná í Hilmar hrl, það yrði að bíða til morguns. |

54

3/3 1977 kl. 11:40 hringdi G. Bríem dómari, vegna beiðni Tryggva um viðtal við Hilmar hrl. réttargæslumann sinn. Dómarinn sagði að það gæti ekki orðið, að svo komnu máli, að minnsta kosti ekki strax. Hilmar vildi fá að tala við Tryggva einslega, en það vildi dómarinn ekki. Hann sagðist ekki sáttur við viðbrögð og framkomu Tryggva í Guðmundarmálinu og ekki skilja þau. Honum var sagt að það væri ekki nýtilkomið með breittan framburð í því máli, Tryggvi hefði haft við orð sl. sumar, að draga framburð sinn til baka. Dómarinn minntist þá á samtal, sem Hilmar hrl. segist hafa átt við Tryggva, ekki alls fyrir löngu. Ég kannaðist við það og sagðist hafa leyft það, en ekki hefði það verið með öllu áheyrnar laust, ég hefði fylgst með því. Dómarinn sagði aðekkert væri við því að segja eða gera, úr þessu, það breitti sjálfsagt litlu, en hér eftir ekkert slíkt, vegna framkomu Tryggva.

4/3 1977 kl. 13:20 Gunnlaugur dómari staðfestir að Ívar og Víðir rlm. megi fá Tryggva til viðtals og samprófunar.

4/3 1977 kl. 13:40 var Tryggvi færður fram til Ívars og Víðis rlm. og Páls Rúnars Elisonar.

4/3 1977 kl. 13:55 viðtali og samprófun lokið.

5/3 1977 kl. 09:40 Guðsteinn læknir talar við Tryggva og fl.

6/3 1977 kl. 15:00 hringdi Guðsteinn læknir, vegna kvörtunar Tryggva um óþægindi í hálsi og ráðleggur læknirinn lyf við því.

6/3 1977 A.T.H. Tryggvi Rúnar hefur tilkynnt, að hann ætli ekki að borða neinn mat á næstunni, sem sagt fara í hungurverkfall, til þess að mótmæla seinagangi og framvindu í sambandi við mál þau, er hann hefur fengið ákæru í og verður þeirra vegna eða dómarannsóknar í þeim, að dvelja hér

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | | | | í Síðumúla, en ekki á Litla-Hrauni. Hann hefur ekki tekið við neinum mat í dag. |
| 7/3 | 1977 | kl. | 09:15 | talað við Guðstein lækni, vegna neitunar Tryggva að borða. Læknirinn sagði að það væri í lagi í 2-3 vikur, ef hann drykki vatn, en sagði að á meðan hann ekki borðaði, mætti <u>ekki</u> gefa honum lyfin diazepami,mogadon og clorali. Þau lyf mætti <u>ekki</u> gefa í tómann maga. |
| 7/3 | 1977 | kl. | 10:15 | farið inn til Tryggva og talað við hann. Samtalið endaði á þann vega að Tryggvi sagðist fara að borða aftur. |
| 11/3 | 1977 | kl. | 13:35 | Tryggvi færður fram í horn til Gísla Guðmundss. rlm. |
| 11/3 | 1977 | kl. | 13:55 | samtali lokið. |
| 12/3 | 1977 | kl. | 16:10 | Gísli Guðmundss tekur til viðtals Tryggva Rúnar. |
| 12/3 | 1977 | kl. | 17:45 | viðtali lokið. |
| 15/3 | 1977 | kl. | 09:15 | hringdi Kristm. J. Sigurðsson rlm. og boðaði að menn kæmu til þess að sækja Tryggva og flytja hann til sín til viðtals. Þá þegar hringt í Harald Henrýss. dómar og a.t.h. hvort leyfi væri fyrir þessum flutningi. Hann sagðist athuga það nánar. |
| 15/3 | 1977 | kl. | 10:15 | hringdi G. Bríem dómari og gaf leyfi sitt fyrir flutningi Tryggva. |
| 15/3 | 1977 | kl. | 10:30 | Tryggvi fluttur í Sakadóm til Kristmundar |
| 15/3 | 1977 | kl. | 13:00 | komið með Tryggva úr Sakadómi. |
| 16/3 | 1977 | kl. | 15:55 | Gunnlaugur Bríem, sakadómari, spurði um dvalartíma Tryggva hér í fangelsinu. |
| 17/3 | 1977 | kl. | 10:35 | Hellert tekur Tryggva til viðtals. |
| 17/3 | 1977 | kl. | 11:30 | viðtali lokið. |
| 17/3 | 1977 | kl. | 16:00 | <u>Gunnlaugur sakadómari hringir og boðar að Hilmar Ingimundarson hrl. megi tala við Tryggva einslega.</u> |
| 17/3 | 1977 | kl. | 19:05 | Hilmar hrl. talar við Tryggva einslega. |
| 17/3 | 1977 | kl. | 19:40 | viðtali Hilmars hrl. lokið. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 19/3 | 1977 | kl. 08:55 | Guðsteinn læknir talar við Tryggva og fl. |
| 21/3 | 1977 | kl. 10:10 | Gísli Guðmundsson rlm. boðaði flutning á Tryggva í Sakadóm. |
| 21/3 | 1977 | kl. 10:15 | Tryggvi fluttur í Sakadóm. |
| 21/3 | 1977 | kl. 10:40 | komið með Tryggva úr Sakadómi. |
| 21/3 | 1977 | kl. 14:00 | hringdi Gísli Guðmundsson rlm. og fékk uppgefið hvenær Tryggvi var fyrst fluttur austur á Litla-Hraun, eftir að gæsluvarðhald hófs þann 23/12 1975 og hversu oft hann hefði verið færður á milli fangelsa fram að þessum tíma. |
| 29/3 | 1977 | kl. 18:10 | kom Gísli Guðmundss. rlm. og talar við Tryggva, að hans beiðni. |
| 29/3 | 1977 | kl. 19:20 | viðtali lokið. |
| 30/3 | 1977 | kl. 09:45 | Tryggvi fluttur í Sakadóm til dómsrannsóknar. |
| 30/3 | 1977 | kl. 12:20 | komið með Tryggva úr Sakadómi. |
| 30/3 | 1977 | kl. 16:45 | talað við Gunnalug dómara, vegna beiðni Tryggva um viðtal við verjanda sinn, Hilmar Ingimundarson hrl., en hann kemur síðar í dag. Dómarinn sagði að verjandinn mætti tala við hann, að vild einslega. Einnig talað við Gísla Guðmundss. fyrir Tryggva, um það hvort Gísli hefði fengið botn í eftirgrenslan í sambandi við bílveltu, sem Tryggvi bað hann að athuga fyrir sig. Svo var ekki. |
| 30/3 | 1977 | kl. 18:15 | Hilmar hrl. talar við Tryggva inn á klefa. |
| 30/3 | 1977 | kl. 18:45 | viðtali lokið. |
| 31/3 | 1977 | kl. 10:00 | Tryggvi fluttur í Sakadóm til framhaldsdómsrannsóknar. |
| 31/3 | 1977 | kl. 12:45 | komið með Tryggva úr Sakadómi. |
| 1/4 | 1977 | kl. 13:55 | hringt í Hellert fyrir Tryggva. Hann getur ekki komið fyrr en eftir helgi. |
| 1/4 | 1977 | kl. 16:00 | hringt í Gunnlaug dómara fyrir Tryggva. Tilefnið var það, hvort hann fengi að fara austur á Litla-Hraun fyrir páska. Við því var algjör neitun hjá Gunnlaugi. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 2/4 | 1977 | kl. 08:05 | Guðsteinn læknir talar við Tryggva og fl. |
| 5/4 | 1977 | kl. 18:15 | kom Gísli Guðmundss. rlm. og fer inn á klefa til Tryggva og ræðir við hann. |
| 5/4 | 1977 | kl. 19:00 | viðtali lokið. |
| 6/4 | 1977 | kl. 17:45 | Gísli Guðmundss. talar við Tryggva, samkvæmt beiðni Tryggva þar um. |
| 6/4 | 1977 | kl. 18:35 | viðtali lokið. |
| 9/4 | 1977 | kl. 08:10 | Guðsteinn læknir talar við Tryggva og fl. |
| 13/4 | 1977 | kl. 12:55 | var talað við Gunnlaug dómara og hann spurður um afstöðu hans til beiðni Tryggva um viðtal við verjanda sinn Hilmar Ingimundars. hrl.. Dómarinn sagði að kalla mætti í verjandann fyrir Tryggva, hvenær sem hann óskaði, án sinnar tilhlutunar og þeir mættu ræðast við einslega, að vild, hér eftir. |
| 14/4 | 1977 | kl. 17:55 | Hilmar Ingimundars. hrl. tala við Tryggva. |
| 14/4 | 1977 | kl. 18:40 | viðtali Hilmars hrl. við Tryggva lokið. |
| 16/4 | 1977 | kl. 09:20 | Guðsteinn læknir talar við Tryggva og fl |
| 16/4 | 1977 | kl. 12:50 | kom Hilmar Ingimundars. hrl. og talar við Tryggva inn á klefa. |
| 16/4 | 1977 | kl. 13:25 | viðtali lokið. |
| 20/4 | 1977 | kl. 12:00 | kom Hilmar Ingimundars. hrl. með bréf til forstöðumanns fangelsins og talar í leiðinni við Tryggva. |
| 20/4 | 1977 | kl. 12:50 | viðtali lokið. |
| 28/4 | 1977 | kl. 17:30 | kom Hilmar Ingimundars. hrl. og talar við Tryggva Rúnar. |
| 28/4 | 1977 | kl. 18:10 | viðtali lokið. |
| 30/4 | 1977 | kl. 09:20 | Guðsteinn læknir talar við Tryggva og fl |

Rétt endurrit staðfestir
Gunnar Guðmundsson
forstöðumaður

FANGELSIÐ SÍÐUMÚLA 28.

A LXXXVI Nr. ~~XXVII~~ Lagt fram í sakadómi Reykjavíkur 14/9 '77
GB.

58

Fangelsið Síðumúla 28

Hr. Gunnlaugur Briem, sakadómari.

Hér með vottast það, að samkvæmt dagbók fangelsisins að Síðumúla 28 kom Hilmar Ingimundarson, hrl., hér síðast þann 5. ágúst sl. kl. 17:35 til að tala við Tryggva Rúnar Leifsson, gæzluvarðhalds-fanga, og Þóri Þórisson, sem þá var einnig hér í gæzluvarðhaldi. Héðan fór Hilmar svo 40 mínútum síðar eða kl. 18:15 og hafði þá talað við báða fangana.

Reykjavík, 14. sept. 1977.

FANGELSIÐ SÍÐUMÚLA 28.

Gunnar Guðmundsson

Gunnar Guðmundsson
forstöðumaður.

A Nr. ~~XXVIII~~ UXXXXVII Lagt fram í sakadómi Reykjavíkur 16/9 '77

8Bo. 59

Reykjavík 10. maí 1977

Hr. hæstaréttarlögm.
Hilmar Ingimundarson
Ránargötu 9, Rvík.

Hér með afhendi ég yður staðfest endurrit úr dagbók fangelsins, varðandi allar umbeðnar upplýsingar um gæsluvarðhaldsfangann Tryggva Rúnar Leifsson, sem þér báðuð mig um með bréfi dags. 19. apríl sl.

Virðingarfyllst,

Gunnar Guðmundsson,
forstöðumaður.

Ár 1977, fimmtudaginn 22. september, var í Hæstarétti

í málinu nr. 158/1977:

A Nr. LXXXVI Lagt fram í sakadómi Reykjavíkur 27/9 '77

Ákæruvaldið

gegn

Tryggva Rúnari Leifssyni

60

uppkveðinn svohljóðandi

d ó m u r :

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr og Benedikt Sigurjónsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 1. tl. 171. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 14. þ.m., og hefur ríkissaksóknari heimilað honum kæru úrskurðarins.

Gögn málsins bárust hæstarétti 16. þ.m.

Varnaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og Gunnlaugur Briem sakadómari víki sæti sem dómsformaður í sakadómsmálinu: Ákæruvaldið gegn Tryggva Rúnari Leifssyni o.fl.

Af hálfu ríkissaksóknara er þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Það var mat dómsformanns sakadóms hinn 3. mars 1977, að fullnægt væri lagaskilyrðum samkvæmt 86. gr. laga nr. 74/1974 til að synja mætti verjanda varnaraðila um að ræða við hann einslega að svo stöddu. Engin frambærileg rök eru komin fram fyrir því, að framangreind ákvörðun dómsformanns eða aðrar aðgerðir hans, sem kæra lýtur að, beri vott um, að hann muni eigi líta óvilhallt á málavöxtu. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Rétt endurrit staðfestir.

HÆSTIRÉTTUR

A Nr. LXXXIX Lagt fram í sakadómi Reykjavíkur 27/9 '77

61

Reykjavík 22. september 1977

Ég hefi verið beðinn að skýra hvernig standi á ferðum mínum inn í klefa til Tryggva Rúnars Leifssonar á meðan hann var vistaður í fangelsinu að Síðumúla 28. Oftast fór ég inn í klefa að beiðni Tryggva sjálfs og yfirleitt var erindið að hann vildi sýna mér myndir þær sem hann hafði teiknað og/eða málað. Tryggvi vildi líka alltaf gefa mér myndir eftir sig og á ég nokkrar myndir eftir hann. Ég minnist þess ekki að hafa farið inn í klefa til hans nema samkvæmt hans beiðni og var erindið oftast það sem fyrr greinir. Yfirheyrslur fóru ekki fram í klefunum.

[signature]

Til hr. sakadómara
Gunnlaugs Briem

A  Nr. XC  Lagt fram í sakadómi Reykjavíkur 27/9 '77

Bh. 62

Reykjavík 27. september 1977

I framhaldi af bréfi mínu dags. 22. september s.l. vil ég taka fram að ég get ekki upplýst hvers vegna Tryggvi Rúnar var tekinn til yfirheyrslu í" ein 3o skipti án þess að þeir bóki nokkuð um það". Eg sjálfur yfirheyrði ekki Tryggva Rúnar án þess að það væri bókað og hafði alltaf votta viðstadda. Eg vil geta þess að ekki tíðkast að hafa votta viðstadda lögrregluyfirheyrslur en þeir eru alltaf kallaðir til til þess að votta undirskrift undir skýrslu. Hvaða erindi lögreglumenn hafa átt við Tryggva Rúnar fram í yfirheyrsluherbergi í ein 3o skipti get ég ekki sagt til um en erindin geta verið mýmörg án þess að um yfirheyrslu hafi verið að ræða þó ekki væri nema til þess að spyrja hann hvort hann hafi eitthvað nýtt fram að færa sem svo hafi ekki reynst vera neitt. Einnig er rétt að geta þess að Tryggvi Rúnar bað lögreglumenn oft um viðtal ef ég man rett og gæti verið að þau viðtöl hafi farið fram í yfirheyrslu% herbergi en Tryggvi átti oft erindi við lögreglumenn án þess að það kæmi málsrannsókninni beint við svo sem biðja þá að koma skilaboðum til fjölskyldu sinnar o. sv. frv.

Eg vona að ég hafi svarað öllum spurningum sem fram koma i bréfi Hilmars Ingimundarsonar með þessu.

[signature]

Til hr. sakadómara
Gunnlaugs Briem

A Nr. XCI Lagt fram í sakadómi Reykjavíkur 3/10 '77

# JÓN ODDSSON HÆSTARÉTTARLÖGMAÐUR

GARÐASTRÆTI 2 - REYKJAVÍK - PÓSTHÓLF 561 - FASTEIGNADEILD SÍMI 13040 - LÖGFRÆÐIDEILD SÍMI 13153

JO/vbg

63

Reykjavík, 30. september 1977.

Hr. Dómforseti,
Gunnlaugur Briem,
Sakadómi Reykjavíkur,
Reykjavík.

**E F N I: KRAFA UM SKÝRSLUTÖKU AF HERRA GÍSLA GUÐMUNDSSYNI, YFIRLÖGREGLUMANNI**, varðandi svonefnt "Guðmundarmál".

Með skírskotan til símsamtals við yður í dag, varðandi samtal mitt við Gísla Guðmundsson, yfirlögreglumann, sé ég mig tilknúinn að gera þá kröfu að frekari rannsókn fyrir dómi hefjist nú þegar varðandi eftirfarandi atriði. Ástæðan fyrir því hversu seint erindi þetta er framkomið er sú að við lestur á málsskjölum kemur ekki fram skýrsla frá ofangreindum aðila, sem unnin var af honum á sínum tíma. Tjáði Gísli mér að hann hefði kunngjört dómurum málsins um þessi atriði, en dómararnir eigi lýst áhuga sínum á því að viðkomandi skýrsla yrði lögð fram í málinu. Tel ég hér vera um að ræða svo þýðingarmikil atriði að eigi verði við það unað að þeim verði sleppt. Gísli Guðmundsson er nú í sumarleyfi, en hann hefur tjáð mér að hann sé reiðubúinn, fyrirvaralaust að mæta fyrir dómi og gera grein fyrir umræddri skýrslu. Þér tjáðuð mér að réttast væri, að ég fengi í hendur umrædda skýrslu sem ég síðan gæti lagt fram í málinu. Gísli Guðmundsson kveðst hinsvegar vera reiðubúinn til annaðhvort að afhenda dómurum málsins skýrsluna beint, eða gera grein fyrir skýrslunni fyrir dómi.

Þau atriði sem er um að ræða eru eftirfarandi: Skjólstæðingur minn, Sævar Marino Ciesielski var gæsluvarðhaldsfangi í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg í Reykjavík árið 1977 frá 31. janúar til 5. maí. Á þessu tímabili vann Gísli Guðmundsson á vegum Sakadóms Reykjavíkur að þessu máli. Skjólstæðingur minn bað hann eitt sinn að koma til viðtals við sig og tjáði hann Gísla að hann myndi eftir því, að hann hefði ekki hitt Erlu Bolladóttur frá því hann kom

framhald

erlendis frá fyrr en að kvöldi sunnudagsins 27. janúar 1974. Myndi hann glöggt, að hann hefði komið að Hamarsbraut 11 á heimili Erlu Bolladóttur með Viggó Guðmundssyni. Þá hefði Erla tekið heldur kuldalega á móti sér, en hann hafði af persónulegum ástæðum viljað láta líta svo út að hann kæmi beint af flugvellinum heim til hennar. Hefði Erla þá sagt, að það þýddi ekki fyrir hann að vera að reyna að ljúga þessu að sér, því vinkona hennar hefði sagt sér að vinkona vinkonunnar hefði séð hann í Reykjavík eftir hádegið sunnudaginn 27. janúar 1974. Að öðru leyti vísa ég um þetta atriði til vitnisburðar Gísla Guðmundssonar, sem hann er reiðubúinn að staðfesta fyrir dómi.

Í framhaldi af þessu boðaði Gísli Guðmundsson Erlu Bolladóttur til yfirheyrslu, þar sem ERla Bolladóttir staðfesti þessa frásögn án þess nokkuð væri borið á milli þeirra, með öðrum orðum með sjálfstæðri frásögn, þar sem hún var óvitandi um frásögn Sævars. Einnig vil ég geta þess að fyrir liggur í málinu lögregluskýrsla af Erlu Bolladóttur frá 7. febrúar 1974, þar sem Erla segir meðal annars:"Ég veit, að hann hefur ekkert farið síðan sunnudaginn 27. janúar, en þá kom hann til mín fyrst eftir langan tíma og kom hann nokkrum sinnum til mín á Hamarsbrautina þá viku, en ég hef ekki séð hann síðan á sunnudaginn síðasta". Fyrr í þessum framburði skýrir hún frá því að hún hafi ekki séð Sævar síðan hann kom úr utanlandsferðinni.

Gísla Guðmundssyni þótti framburður Erlu skipta svo miklu máli, að hann tilkynnti,eftir því sem hann segir mér, dómurum málsins þegar í stað um þetta, og lét Erlu bíða á meðan. Viðbrögð dómaranna voru ekki í samræmi við það.

Þá geri ég kröfur til þess að Gísli Guðmundsson geri grein fyrir dómi, yfirheyrslum yfir Gunnari Jónssyni, er sóttur var til Spánar og viðbrögðum Alberts Klahn Skaftasonar af því tilefni.

Þykir mér miður að vera svo seint á ferð með erindi þetta, en ég taldi að þessi skjöl væri öll að finna í málsskjölum þeim er ég nú hefi undir höndum.

Virðingarfyllst,

Jón Oddsson

A. Nr. IX CI Lagt fram í sakadómi Reykjavíkur 3/10 '77.

SBr.



Laugardagur, 1. okt. 1977.

Í tilefni af bréfi Jóns Oddssonar hrl., dags. 30.9. s.l. hefur Gunnlaugur Briem, sakadómari, farið þess á leit við mig, að ég skrifi skýrslu um atriði þau er koma fram í bréfi lögmannsins, um það er Erla Bolladóttir skýrði mér frá, þ. 14. apríl 1977.

Daginn áður, eða miðvikudaginn, 13. apríl 1977, eftir kvöldmat, þá fékk ég skilaboð frá Sævari Marinó Ciesielski, sem þá var gæzlufangi í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg, um að hann þyrfti nauðsynlega að ræða við mig um eitt atriði í máli Guðmundar Einarssonar. Tilkynning þessi kom í gegnum fangavörð fangelsins, og fór ég þegar til viðtals við Sævar.

Hann sagðist geta sannað fjarveru sína á Hamarsbraut 11, aðfaranótt sunnudagsins, 27. jan. 1974. Hann sagði að þetta byggðist á því, að hann hefði komið til Erlu Bolladóttur, að Hamarsbraut 11, að kvöldi sunnudagsins 27. jan. sama ár, og þá verið með Viggó Guðmundssyni, er hefði ætlað að keyra hann (Sævar) um kvöldið, austur að Gljúfurholti í Ölfusi.

Sævar sagði að ekki hefði orðið úr ferðinni austur sökum þess, að Erla hefði farið að rífast við sig út af því, að hann hefði ekki sést þar í marga daga og að hann héldi framhjá sér. Þá sagðist Sævar hafa gripið til þess ráðs, að reyna að fá Erlu til að trúa því, að hann hefði verið erlendis og væri nú að koma beint utanaf flugvelli úr þeirri för.

Sagði Sævar að Erla hefði svarað þessu á þann hátt, að ekki þýddi fyrir hann að reyna að ljúga þessu að sér, því vinkona sín hefði frétt af honum í Hafnarstræti hér í borg, einhverntíma eftir hádegi umræddan sunnudag. Sævar benti á, að þetta atriði hlyti að sýna það, að Erla hefði ekki verið að segja sannlaikan, þegar hún gaf fyrstu skýrslu sína um þetta mál hjá, Eggerti N. Bjarnasyni, lögreglum. rétt fyrir jólin 1975.

---

Fimmtudaginn, 14. apríl 1977, fyrir hádegi, kom Erla Bolladóttir á skrifstofu undirritaðs í Borgartúni 7. Þá innti ég

hana eftir því, hvað fram hefði farið á milli hennar og Sævars M. Ciesielski umrætt sunnudagskvöld, að Hamarsbraut 11. Erla var beðin um að skýra sjálfstætt frá umræðuefni þeirra, án þess að vera á nokkurn hátt látin vita, hvað Sævar hafði sagt um það, kvöldið áður í Hegningarhúsinu.

Erla staðfesti það sem Sævar sagði mér um þetta. Hún sagði að hann hefði gert tilraun til að ljúga því að sér, að hann hefði komið þá beint utan af flugvelli, eftir fjarveru erlendis. Þetta sagðist hún hafa getað rekið ofaní hann sem helber ósannyndi, því að stúlka sem hún þekkti hefði haft eftir vinkonu sinni, að hún hefði séð Sævar við strætisvagnastöð í Hafnarstræti, eftir hádegi umræddan sunnudag. Erla sagði að stúlka sú sem sá Sævar, héti, Svava og ætti heima í Kúrlandi hér í borg. Sagðist Erla geta fengið nánari upplýsingar um þá stúlku, ef óskað yrði.

Þegar hér var komið sögu, þá ræddi ég málið ekki frekar við Erlu, heldur gekk á fund sakadómaranna, Gunnlaugs Briem og Haraldar Henryssonar, sem voru staddir í skrifstofu hins fyrrnefnda. Skýrði ég þeim frá framangreindum samræðum við þau Sævar og Erlu. Ég innti dómarana eftir því, hvort þeir óskuðu eftir að ég gerði eitthvað meira í málinu, en þeir töldu ekki þörf á því að svo stöddu.

Erla Bolladóttir fór síðan frjáls ferða sinna, án þess að frekar væri rætt við hana um málið.

---

Í sambandi við yfirheyrslur yfir, Gunnari Jónssyni, og getið er um í bréfi lögmannsins og áður er getið um í þessari skýrslu, skal tekið fram, að engar skýrslur hafa verið teknar af honum nema í dómi, svo mér sé kunnugt um.

Gísli Guðmundsson.
aðst.yfirlögreglum. RLR.